



Alþingi
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. júlí 2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, 634 mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um húsnæðismál sem miða að því að gera Íbúðalánasjóði kleift að bregðast við breyttum þörfum á húsnæðismarkaði. Í fyrsta lagi er lagt til að Íbúðalánasjóði sé heimilt að bjóða íbúðir sem sjóðurinn hefur keypt á uppboði til leigu þannig að allir húsaleigusamningar verði með kauprétti. Í öðru lagi er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilað að gefa út óverðtryggða skuldabréfaflokka. Í þriðja lagi er lagt til tímabundið ákvæði um að víkkaðar verði út heimildir Íbúðalánasjóðs til að veita lán til endurbóta íbúðarhúsa, til endurbóta eða viðbyggingar við sameign fjöleignarhúsa og til að bæta aðgengi að húsnæði fyrirtækja og stofnana. Loks er í frumvarpinu lagt til að lögfest verði sérstök ákvæði sem kveða skýrar á en í gildandi lögum um lánveitingar Íbúðalánasjóðs til húsnæðissamvinnufélaga vegna búsetuíbúða.

Samtök atvinnulífsins líta svo á að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér séu tilkomnar vegna þess ástands sem er nú á húsnæðismarkaði og í byggingariðnaði. Í ljósi þess telja samtökin það jákvætt að allir húsaleigusamningar Íbúðalánasjóðs verði með kauprétti.

Einnig geta samtökin fallist á það í núverandi stöðu að Íbúðalánasjóði verði til ársloka 2013 heimilað að veita lán til afmarkaðra endurbóta á húsnæði sem væntanlega stuðlar að auknum framkvæmdum í byggingariðnaði. Í eðlilegu árferði verður þó að ætla viðskiptaböndunum að sinna þessum þætti fjármögnunar frekar en að veitt séu til þessara framkvæmda lán með ríkisábyrgð.

Samtök atvinnulífsins gera ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins sem heimila Íbúðalánasjóði útgáfu óverðtryggðra skuldabréfalokka né ákvæði um skýrari heimildir sjóðsins til að lána húsnæðissamvinnufélögum vegna búsetuíbúða.

Virðingarfyllst,

Halldór Árnason